



Borgarráð

Reykjavík, 23. mars 2026
USK26030374

Þönglabakki 4, afnotasamningur við Félagsbústaði

Óskað er eftir að borgarráð samþykki afnotasamning við Félagsbústaði hf. um afnota á hluta borgarlands við Þönglabakka 4.

Greinargerð

Þann 5. febrúar s.l. samþykkti borgarráð leigusamning við GTS ehf. vegna húsnæðis Reykjavíkurborgar í Þönglabakka 4. Í samningi voru skilgreind afnot Félagsbústaða á fimm bílastæðum vegna fyrirhugaðrar rafbílavæðingu á þjónustubifreiðum Félagsbústaða.

Í meðfylgjandi samning eru þau afnot tryggð tímabundið til 10 ára og afnotagjald umsamið kr. 24.000 krónur á ári.

Virðingarfyllst,
Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Afnotasamningur við Félagsbústaði um stæði við Þönglabakka 4



Reykjavík

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „afnotagjafi“) og Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, Þönglabakki 4, 109 Reykjavík (hér eftir nefndur „afnotahafi“), gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. gr.

Hið leigða

Leigutaki tekur á leigu um 60 m² svæði, 5 bílastæði, af borgarlandi vestan við höfuðstöðvar afnotahafa við Þönglabakka 4, sbr. fylgiskjal 1.

Leigutaki mun reka á eigin kostnað rafhleðslustæði fyrir rekstur sinn.

2. gr.

Leigugjald

Leiga greiðist fyrir afnotin 24.000 kr. á ári eða kr. 400,- per fermeter og greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. apríl hvers árs.

Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir. Leigugjald skal greiða samkvæmt útsendum greiðsluseðlum Reykjavíkurborgar og fylgja reglum um dráttarvexti.

3. gr.

Gildistími

Afnotasamningur þessi er tímabundinn til tíu (10) ára, frá 1. apríl 2026 til 1. apríl 2036. Afnotahafi getur þó sagt upp samningi þessum með 6 mánaða uppsagnarfrest

4. gr.

Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á gjaldi fyrir afnot varir í lengri tíma en tvo mánuði.

5. gr.

Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

6. gr.

Sérákvæði

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Til staðfestingar samningsins rita þeir sem heimild hafa til þess að skuldbinda aðila skjal þetta rafrænt.

Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavík 2025

Fylgiskjal:

Nr. 1 Afmörkun hins leigða



